

LEIKUM OG  
LÆRUM ÚTI



# KOSTIR ÚTIKENNSLU

Ferskt loft

Hreyfing

Meiri tengingu við  
náttúru, meiri virðing

Vekur skynfæri: Lykt, sjón, heyrn,  
bragð, snerting

Sumir njóta sín betur utan  
skólastofu

Gott að læra með  
ápreifanlegum hlutum,  
meiri einbeiting.

Bætt líðan, betri hegðun

Kynnast nærumhverfi

# Þakklætislag

Ég er þakklát fyrir himininn

Ég er þakklát fyrir jörðina

Ég er þakklá fyrir vini mína

Ég er þakklát fyrir mig

Lag og texti Berglind Björgúlfsdóttir

# LIFANDI NÁTTÚRA



## LIFANDI NÁTTÚRA

Lífbreytileiki á tækniöld



Verkefni fyrir  
yngsta stig

# MARKMIÐ MEÐ BÓKINN

Fjölbreyttar hugmyndir

Einföld verkefni

Meiri þekking og virðing  
fyrir náttúru og umhverfi



Menntun til sjálfbærni

Stuðlar að hreyfingu

Auka virkni í útiveru

Kynnast lífbreytileika  
náttúrunnar

# Skipt í hópa með spjöldum

Lýsa því sem er á spjaldinu sínu og finna alla sem eru með eins spjald



**Kjarval – Hreyfileikur þar sem hlustað er á brot úr sögunni Málarinn sem fór sínar eigin leiðir eftir Margréti Tryggvadóttir. Kennari útbýr miða með myndum af mosa, fjalli, fugli, blómum, mála, úri. Hver nemandi fær einn miða. Kennari les síðan sögubrotið í hvert sinn sem orð kemur upp sem er á miðunum þá eiga þeir sem eru með það orð að gera einhverja hreyfingu.**


**Textinn um Jóhannes Kjarval listmálara sem kennari les:**

Jóhannesi leið best þegar hann var einn að mála. Hann átti marga vini og kunningja en honum þótt erfiðara að umgangast fjölskyldu sína. Hann hugsaði ekki mikið um börnin sín og var heldur ekki mjög góður afi.

Jóhannesi leið alltaf vel úti í náttúrunni og málaði allan daginn og stundum á nóttunni líka. Á sumarnóttum heyrðust hljóðin í náttúrunni svo vel. Einu sinni var Jóhannes einn uppi á fjalli að mála. Engin hljóð heyrðust nema tikk í fugli. Jóhannes fór að hlusta og tók eftir að fuglinn var að herma eftir hljóðinu í úrinu hans sem sagði, takk, tikk, takk þegar það gekk. Jóhannes málaði alla nóttina og hlustaði á fuglinn og úrið.


Náttúran var Jóhannesi svo kær að hann var bæði leiður og reiður þegar fólk fór óvarlega um. Hann þoldi alls ekki að bílar keyrðu yfir blóm og bláklukkur mátti alls ekki slíta upp því hann sagði á álfar ættu heima í þeim. Honum þótti vænt um fuglana og var reiður þeim sem vildu skjóta fugla eins og rjúpur. Þegar veiðimennirnir voru að skjóta kom mikill hávaði og truflaði þegar hann var að mála. Hann vildi fá að vera í friði og hugsaði að fuglarnir vildu líka fá að vera í friði. Hann var líka á móti vopnum og ofbeldi.

Jóhannes málaði aftur og aftur sömu fjöllin og blómin. Litirnir í náttúrunni voru misjafnir eftir því hvort það væri sól eða rigning. Náttúran var líka ólík eftir því hvort það væri vetur, sumar, vor eða haust. Öllu þessu tók Jóhannes eftir og málaði af því myndir. Hann málaði líka hraun og mosa, mörgum fannst hraun vera ljót þau voru grá og á þeim voru engin tré. Það var líka erfitt að ganga í hrauni, en mosinn er mjúkur. Jóhannes sá að hraun var fallett, það var lifandi og breytti um lit þegar það rigndi á það. Hann sá líka ýmsar verur í hrauninu sem hann teiknaði.



# Boðhlaup

Börnin fá fyrirmæli eða sjá hluti sem þau eiga síðan að finna á svæðinu





Spjöldum dreift um náttúrusvæði  
Kennari sýnir t.d. spjald með birki.

Nemendur hlaupa um og finna spjöld með birki.

Einnig hægt að nota spjöldin til þess að sýna nemendum og nemendur finna  
það sem er á spjaldinu í umhverfinu.



# Finna ákveðna liti í náttúrunni og safnið í eggjabakka



Finndi hluti úr  
náttúrunni sem er  
með sömu lífi og í  
eggjabakkanum.

# Finna hluti úr náttúrunni

Leitið að hlutunum sem eru á pokanum og raðið á pokann við hliðina á.



# Búa til andlit á disk


Það er líka hægt að raða hlutum  
beint á jörðina beint á jörðina



# FARA Í GÖNGU Á NÁTTÚRUSVÆÐI OG FINNA LAUFBLÖÐ.

Pressa laufblöðin og búa til náttúrulistaverk.

Hvað er ofnanjarðar og hvað er  
neðanjarðar?



# Tengið mynd og nafn saman



# Samstæðuspil



# Lesson in grass/Lærum í náttúru

<https://lessonsingrass.com/>



MAY ▾ FREE ▾ lesson plans ▾ courses ▾ membership SHOP ▾ contact ▾





# Stafrófsleikur

Finna hluti í náttúrunni sem byrja á stafnum...

Velta fyrir sér að hlutirnir geta átt heima á fleiri en einum stað





# Leira smádýr

Búa til smádýr úr leir, má vera furðurvera eða dýr sem er til. Velja svæði í umhverfinu sem er búsvæði dýrsins, t.d í runna, við læk, velta fyrir sér og útskýra afhverju dýrið býr á þessu svæði



# Leikið með steina





# Lita liti sem þú sérð

Horfa á náttúruna og velta fyrir sér  
litum hennar, finna þá liti og lita á  
blað



# Dæmi um tengingar við þemu Grænfánans

## Átthagar

Kynnast nærumhverfi: hverfið, fjöru, skóg, náttúrusvæði í grennd.

## Lýðheilsa

Fjölbreytt hreyfing og útivist

Að umgangast plöntur og hafa plöntur nálægt sér bætir lýðheilsu.

Að hugsa um plöntur er heilsueflandi

## Loftlagsbreytingar

Gróðursetja (helst innlendar) trjátegundir og rækta plöntur til að stemma stigu við losun á koltvísýringi og auka þar með kolefnisbindingu.

## Lífbreytileiki

Kanna dýra- og plöntulíf í nágrenni skólans.

Taka í fóstur svæði í nágrenni skólans og fylgjast með breytingum á milli árstíða

Skoða mismunandi búsvæði dýra og plantna.

Búa til fuglafóður

## Náttúruvernd

Taka svæði í nágrenni skólans í fóstur.